

## Skipulags- og samgönguráð

Ár 2019, miðvikudaginn 23. október kl. 9:04 var haldinn 51. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Pawel Bartoszek, Alexandra Briem, Aron Leví Beck, Hjálmar Sveinsson, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Daníel Örn Arnarsson, Baldur Borgþórsson og Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Sigurjóna Guðnadóttir og Gréta Mar Jósépsdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

### Petta gerðist:

#### (A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. og 18. október 2019.  
Lagt fram

2. **Ármúli 7**, breyting á skilmálum (01.262.1) Mál nr. SN190536  
deiliskipulags  
530117-0490 Reitir - þróun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 10. september 2019 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Ármúla-Vegmúla-Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 7 við Ármúla. Í breytingunni felst að heimilt verði að endurbyggja og/eða hækka núverandi tengibyggingu. Áætlað er að reisa 4. hæða tengibyggingu og sameina hana Ármúla 7.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs (nú skipulags- og samgönguráðs) án staðfestingar borgarráðs. Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- Kl. 9.07 tekur Eyþór Laxdal Arnalds sæti á fundinum.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Jórufell 2-12**, breyting á deiliskipulagi (04.685) Mál nr. SN190525  
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík  
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Þorkels Magnússonar dags. 4. september 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III - suður vegna lóðarinnar nr. 2-12 við Jórufell. Í breytingunni felst að afmarkaðir eru þrír reitir fyrir sorpskýli á lóð og verður hver reitur 20m<sup>2</sup>, núverandi byggingarheimildir fyrir bílskýli eru felldar út, fyrirkomulag bílastæða breytist og bílastæðum fækkar, samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta ehf. dags. 3. september 2019. Við breytinguna mun byggingarmagn aukast og nýtingarhlutfall hækka.

- Kl. 9.10 tekur Hildur Björnsdóttir sæti á fundinum.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs (nú skipulags- og samgönguráðs) án staðfestingar

borgarráðs. Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Tunguháls 5**, breyting á deiliskipulagi (04.327.2) Mál nr. SN190583  
700176-0299 Tunguháls ehf., Tunguhálsi 5, 110 Reykjavík  
540212-2790 Verkfræðistofa Ívars Hauks ehf., Suðurlandsbraut 46, 108  
Reykjavík

Lögð fram umsókn Ívars Haukssonar dags. 26. september 2019 ásamt minnisblaði ódags. varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálshverfis vegna lóðarinnar nr. 5 við Tunguháls. Í breytingunni felst að hækka nýtingarhlutfall lóðar út 0.7 í 1.1, stækka byggingarreit fyrir viðbyggingu á norðvestur og suðaustur enda byggingar og breyta bílastæðakröfum, samkvæmt uppdrætti Verkfræðistofu Ívars Haukssonar dags. 22. september 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Skarfagarðar 2**, breyting á deiliskipulagi (01.321.7) Mál nr. SN190584  
500310-0490 DAP ehf, Litlu-Tungu, 276 Mosfellsbær

Lögð fram umsókn DAP ehf. dags. 26. september 2019 ásamt bréfi dags. 25. september 2019 ásamt greinargerð dags. 25. september 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis, Skarfabakka vegna lóðarinnar nr. 2 við Skarfagarða. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður að hluta á norðvestur horn reitsins. Nýtingarhlutfall jarðhæðar fer úr 0.5 í 0.56 og nýtingarhlutfall millipalla í 0.25, samkvæmt uppdrætti DAP dags. 25. september 2019. Einnig er lagt fram bréf Faxaflóahafna dags. 20. september 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (B) Byggingarmál

6. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa**, Mál nr. BN045423  
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1039 frá 1. október 2019 og fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1040 frá 8. október 2019 .

Lagt fram

### (E) Samgöngumál

7. **Hæðargarður**, bann við því að stöðva og Mál nr. US190328  
leggja næst Réttarholtsvegi  
(USK2019100012)

Lagt er fram bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 4. október 2019 þar sem lagt er til að sett verði bann við því að stöðva og leggja við

norðurkant Hæðargarðs, frá gatnamótum við Réttarholtsveg og 25 metra inn götuna. Bannið sé táknað með skilti B24.11 og tilheyrandi undirmerki. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2 mgr. 81. gr. umferðalaga nr. 50/1987.

8. **Langahlíð sunnan Miklubrautar,** Mál nr. US190334  
gönguþveranir merktar með  
gangbrautarmerkingu (USK2019100052)

Lagt er fram bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 18. október 2019 þar sem lagt er til að gönguþveranir yfir Lönguhlíð sunnan Barmahlíðar, Mávahlíðar og Drápuhlíðar séu merktar sem gangbrautir með D02.11 og tilheyrandi yfirborðsmerkingu, M13.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2 mgr. 81. gr. umferðalaga nr. 50/1987.

9. **Framnesvegur við Vesturbæjarskóla,** Mál nr. US190335  
stæði fyrir skólarútur og vörulosun  
(USK2019100051)

Lagt fram bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 18. október 2019 þar sem lagt er til að merkt verði stæði fyrir skólarútur og vörulosun á Framnesvegi við Vesturbæjarskóla. Stæðið verði einungis ætlað skólarútum og vöruafhendingu milli klukkan 7 og 17. Stæðið verði merkt með skilti D09.21 og tilheyrandi undirmerkjum.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2 mgr. 81. gr. umferðalaga nr. 50/1987.

10. **Skógarvegur og Lautarvegur,** Mál nr. US190336  
biðskylda (USK2019100064)

Lagt fram bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 18. október 2019 þar sem lagt er til að biðskylda verði á umferð á Skógarvegi gagnvart umferð á Háaleitisbraut og Lautarvegi gagnvart umferð á Háaleitisbraut. Biðskylda er merkt með A06.11 og tilheyrandi yfirborðsmerkingu, M12.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2 mgr. 81. gr. umferðalaga nr. 50/1987.

11. **Sólvallagata sunnan Framnesvegar,** Mál nr. US190337  
gönguþverun merkt með  
gangbrautarmerkingu (USK2019100062)

Lagt fram bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 18. október 2019 þar sem lagt er til að gönguþverun yfir Sólvallagötu sunnan Framnesvegar sé merkt sem gangbraut með D02.11 og tilheyrandi yfirborðsmerkingu, M13.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2 mgr. 81. gr. umferðalaga nr. 50/1987.

12. **Freyjugata 36,** sérmerkt P-stæði Mál nr. US190330  
(USK2019100070)

Lagt fram bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 1. október 2019 vegna umsókn um sérmerkt p-stæði við Freyjugötu 36, sem samþykkt var á fundi P-nefndar í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis þann 30. september 2019. Erindi er lagt fyrir skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur til kynningar og endanlegrar samþykktar.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2 mgr. 81. gr. umferðalaga nr. 50/1987.

13. **Vesturgata 36B**, sérmerkt P-stæði (USK2019100071) Mál nr. US190331

Lagt fram bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 1. október 2019 vegna umsóknar um sérmerkt p-stæði við Vesturgötu 36B, sem samþykkt var á fundi P-nefndar í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis þann 30. september 2019. Erindi er lagt fyrir skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur til kynningar og endanlegrar samþykktar. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2 mgr. 81. gr. umferðalaga nr. 50/1987.

#### (D) Ýmis mál

14. **Rauðarárstígur 1**, málskot (01.222.1) Mál nr. SN190597  
530514-2500 Ástrík poppkorn slf., Ásvegi 16, 104 Reykjavík

Lagt fram málskot Ásthildar Björgvinsdóttur og Svavars Þorsteinssonar dags. 3. október 2019 ásamt fylgiskjölum vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 30. ágúst 2019 varðandi breytingu á notkun verslunarrýma á 1 hæð hússins á lóð nr. 1 við Rauðarárstíg í íbúðir (Fnr. 20099593 og F2009594). Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2019, staðfest með fjórum atkvæðum fulltrúa Viðreisnar, fulltrúa Samfylkingarinnar og fulltrúa Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, áheyrnarfulltrúi Miðflokksins og áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bóka:

Borgarfulltrúarnir ítreka þá skoðun sína að þörf er á úttekt á framboði og eftirspurn þjónustu- og verslunarrýma í borginni. Á sama tíma og heldur dregur saman í rekstri er framboð rýma á jarðhæð að aukast hratt. Þörf er fyrir talningu á rýmum á jarðhæð og endurmeta núverandi stefnu með hliðsjón af breyttum aðstæðum.

15. **Faxaflóahafnir**, merkingar á landi Faxaflóahafna Mál nr. US190329

Lagt fram bréf Faxaflóahafna dags. 12. september 2019 ásamt tillögu ódags. að samræmdum merkingum á landi Faxaflóahafna.

16. **Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði**, opna Austurvöll og fjarlægja blómabeð - R19090309 Mál nr. US190318

Lögð er fram tillaga sem var vísað frá borgarráði 26. september 2019 þar sem lagt er til að Reykjavíkurborg opni Austurvöll og fjarlægji upphlaðin blómabeð sem liggja milli Vallarstrætis og Austurvallar.

Greinargerð fylgir tillögunni

#### (E) Samgöngumál

17. **Mjódd - endurgerð torgs**, kynning (USK2019100010) Mál nr. US190326

Lagt fram til kynningar endurgerð torgs í Mjódd. Kynnt

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fagnar flottri og skemmtilegri hönnun á nýjum torgum á suður svæðinu í Mjódd. Hér verður um að ræða fallett og vel upplýst svæði. Þökkum það sem vel er gert.

Ólafur Ólafsson deildarstjóri og Guðrún Birna Sigmarsdóttir verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

#### (D) Ýmis mál

18. **Umhverfis- og skipulagssvið,** Mál nr. US130045  
innkaupaskýrsla (USK2015020003)

Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í september 2019.

19. **Laugavegur 15,** Kæra 100/2019, (01.171.1) Mál nr. SN190580  
umsögn, úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 25. september 2019 ásamt kæru dags. 24. september 2019 þar sem kærð er afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 13. september 2019 varðandi rekstur verslunar og veitingastaðar/take away á jarðhæð hússins á lóð nr. 15 við Laugaveg. Einnig er lagt fram svar/umsögn skrifstofu sviðsstjóra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 25. september 2019. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 2. október 2019. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

20. **Bústaðavegur/Kringlumýrarbraut,** Mál nr. SN190585  
kæra 101/2019  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 30. september 2019 ásamt kæru dags. 26. september 2019 þar sem kærð er samþykkt skipulagsfulltrúa frá 16. ágúst 2019 um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna m.a. gerðs fráreinar í akstursstefnu til austurs og breikkun rampa til suðurs á Kringlumýrarbraut ásamt breytingu á akstursleið inn á rampann frá norðurakbraut Bústaðavegar og setja ný umferðarljós á rampann.

21. **Freyjubrunnur 23,** kæra 102/2019 (02.695.4) Mál nr. SN190586  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 30. september 2019 ásamt kæru dags. 28. september 2019 þar sem kærð er samþykkt borgarráðs frá 18. júlí 2019 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Freyjubrunn 23. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða úr fimm í átta og aukning á byggingarmagni.

22. **Drápuhlíð 36,** kæra 99/2018, umsögn, (01.713) Mál nr. SN180535  
úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 17. júlí 2018 ásamt kæru dags. 17. júlí 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa um að gefa út byggingarleyfi fyrir bílskúr á lóð nr. 36 við Drápuhlíð. Einnig er

gerð krafa um stöðvun framkvæmda. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. ágúst 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 13. september 2018. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 10. júlí 2018 um að samþykkja umsókn um byggingu bílskúrs á lóð nr. 26 við Drápuhlíð.

Lagt fram að nýju ásamt erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 26. ágúst 2019 ásamt bréfi dags. 18. júlí 2019 þar sem farið er fram á endurupptöku máls nefndarinnar. Einnig er lagt fram álit umboðsmanns Alþingis dags. 20. júní 2019. Jafnframt er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4. október 2019.

23. **Laugavegur sem göngugata, nýtt deiliskipulag** Mál nr. SN190399

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. október 2019 vegna samþykktar borgarstjórnar frá 1. október 2019 á tillögu að deiliskipulagi fyrir 1. áfanga Laugavegar sem göngugötu.

24. **Reitur 1.171.0**, breyting á deiliskipulagi (01.171.0) Mál nr. SN190566

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. október 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.171.0, sem afmarkast af Laugavegi, Ingólfsstræti, Hverfisgötu og Smiðjustíg.

25. **Reitur 1.171.1, Hjómalindarreitur**, breyting á deiliskipulagi (01.171.1) Mál nr. SN190567

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. október 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.171.1, sem afmarkast af Laugavegi, Smiðjustíg, Hverfisgötu og Klapparstíg.

26. **Reitur 1.171.2**, breyting á deiliskipulagi (01.171.2) Mál nr. SN190568

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. október 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.171.2, sem afmarkast af Skólavörðustíg, Bergstaðastræti, Hallveigarstíg, Ingólfsstræti og Bankastræti.

27. **Reitur 1.171.3, Laugavegs- og Skólavörðustígsreitur**, breyting á deiliskipulagi (01.171.3) Mál nr. SN190569

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. október 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.171.3, sem afmarkast af Laugavegi, Bergstaðastræti og Skólavörðustíg.

28. **Reitur 1.171.4**, breyting á deiliskipulagi (01.171.4) Mál nr. SN190570

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. október 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.171.4, sem afmarkast af Laugavegi, Bergstaðastræti, Skólavörðustíg og Vegamótastíg.

29. **Reitur 1.171.5**, breyting á deiliskipulagi (01.171.5) Mál nr. SN190571

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. október 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.171.5, sem afmarkast af Laugavegi, Klapparstíg, Grettisgötu og Vegamótastíg.

30. **Rauðagerði 27**, breyting á deiliskipulagi (01.821.2) Mál nr. SN180047  
530169-5539 Félag íslenskra hljómlistarm, Rauðagerði 27, 108 Reykjavík  
450400-3510 VA arkitektar ehf., Borgartúni 6, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 26. september 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 27 við Rauðagerði.

31. **Rauðagerði við Miklubraut**, breyting á (01.82) Mál nr. SN180472  
deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 26. september 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna nýrra lóðarmarkna að Rauðagerði 27.

32. **Brietartún 3-5**, breyting á deiliskipulagi (01.22) Mál nr. SN180596  
530416-0890 J.E. 101 ehf., Stórhöfða 33, 110 Reykjavík  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. október 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartúnsreit 1.220.0, vegna lóðarinnar nr. 3-5 við Brietartún.

33. **Grensásvegur 1**, breyting á (01.460.0) Mál nr. SN190203  
deiliskipulagi  
690906-1390 Batteríð Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. október 2019 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Skeifan-Fenin vegna lóðarinnar nr. 1 við Grensásveg. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Samúel Torfi Pétursson dags. 15. október 2019,

34. **Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins**, fyrirspurn vegna biðskýla Mál nr. US190339

Ég óska eftir skýringu á því hvers vegna farþegar Strætó sem nota Klambartúnsbiðstöðvarnar, báðum megin Miklubrautar, íbúar Hlíðahverfis sunnan þessarar umferðaræðar, þurfi að standa úti í regni og roki, kulda og trekki, meðan á mörgum öðrum biðstöðvum er einhverskonar skjól? Hver eru áform nýs rekstraraðila varðandi þessar biðstöðvar sem og aðrar sem ekki hafa skýli og hvenær verða þessar biðstöðvar komnar í ásætlanlegt horf?

Vísað til Umhverfis- og skipulagssviðs.

35. **Tillaga frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins**, Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í skipulags og samgönguráði um að fjarlægja steypuklumpa í hverfi 111 Mál nr. US190340

Flokkur fólksins leggur til að steypuklumpar við Krúhóla 2 verði fjarlægðir. Flokkur fólksins telur mikilvægt að borgin fari í átaksvinnu til að auðvelda eigendum stórra vinnutækja sérstaklega þeim sem eru sjálfstætt starfandi að leggja tækjum sínum nálægt heimilum sínum. Flokkur fólksins hefur áður lagt til að bílastæðum fyrir stóra bíla verði fjölgað í úthverfum. Vörubifreiðastjóra spyrja hvar þeir geti lagt vinnutækjum og sums staðar er hvergi svæði til þess. Í Breiðholtinu er víða skipulagsleysi og er lokun plansins við Krúhóla 2 dæmi um það. Vörubílstjórar þurfa nú sem búa í

hverfinu að leggja í öðrum hverfum og ganga langar leiðir að atvinnutækjunum. Áheyrnafulltrúi Flokks fólksins leggur m.a. til eftirfarandi lausnir til að bæta úr þessum vanda. 1. Flokkur fólksins telur heillavænlegast að fjarlægja steypuklumpana sem eru ekki prýði fyrir hverfið. 2. Flokkur fólksins telur skynsamlegast að borgin hafi samráð við íbúa í hverfinu um hvar sé best að stórum vinnutækjum sé lagt og að þeim stæðum verði fjölgað þar sem þurfa þykir. 3. Flokkur fólksins leggur áherslu á að reynt sé að koma til móts við eigendur stórra vinnuvéla-bifreiða í hverfinu og þá sérstaklega sjálfstætt starfandi vörubifreiðastjóra.

Vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs.

36. **Tillaga áheyrnafulltrúa Flokks fólksins,** Tillaga áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um að setja bekki á Geirsnefi

Mál nr. US190341

Hundasvæði eru fá á Íslandi miðað við í nágrennalöndunum. Eitt þeirra er á Geirsnefi. Hundagerðið á Geirsnefi hefur staðið í nokkur ár og er ca 600 m<sup>2</sup>. Á síðastliðnum 10 árum hefur orðið hrein sprenging í hundaeign á höfuðborgarsvæðinu en þjónusta við hundaeigendur hefur því miður ekki náð að fylgja þeirri þróun. Hundagerðið á Geirsnefi er afar vinsælt. Á svæðið vantar tilfinnanlega bekki svo fólk sem er með hunda sína þar geti tyllt sér. Á löngu svæði er enginn bekkur. Flokkur fólksins vill beina því til skipulags- og umhverfisyfirvalda að settir verði bekkir á svæðið með reglulegu millibili.

Vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs.

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 9:58**

**Fundargerðin lesin yfir og undirrituð**

Pawel Bartoszek

Alexandra Briem  
Aron Leví Beck  
Hildur Björnsdóttir

Hjálmar Sveinsson  
Eyþór Laxdal Arnalds  
Katrín Atladóttir



**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2019, þriðjudaginn 1. október kl. 10:07 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1039. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Vigdís Þóra Sigfúsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Edda Þórsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Erna Hrönn Geirsdóttir og Olga Hrund Sverrisdóttir. Fundarritari var Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.

**Þetta gerðist:**

**Nýjar/br. fasteignir**

1. **Aðalstræti 4** (01.136.501) 100591 Mál nr.  
BN056733  
680390-1189 Best ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, aðstöðu húsvarðar er breytt í hótélherbergi sem er hluti af Center Hotel Plaza fl. ?? tegund ?? sem rúmar alls 510 gesti í húsi á lóð nr. 4 við Aðalstræti.  
Bréf hönnuðar dags. 23. september 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
2. **Austurberg 28-38** (04.670.7--) 112108 Mál nr.  
BN056707  
560885-0249 Austurberg 36, húsfélag, Pósthólf 82, 121 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að setja svalalokanir á allar svalir og sérafnotafleti vesturhliðar sambýlishúss nr. 36, mhl.05, á lóð nr 28-38 við Austurberg.  
Stækkun: B-rými: x.xx ferm., x.xx rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
3. **Austurstræti 3** (01.140.213) 100834 Mál nr.  
BN056178  
521288-1409 Fitjaborg ehf, Háholti 8, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að byggja flóttastiga á bakhlið húss, að hluta á lóðinni Hafnarstræti 4 og innréttá veitingastað í flokki II, teg. krá á 2. og 3. hæð húss á lóð nr. 3 við Austurstræti.  
Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir frá EFLU dags. 15. mars 2019, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 22. maí og 16. júlí 2019, skýrsla um hávaðaútbreiðslu frá EFLU dags. 27. maí 2019, samningur um flóttastiga á lóð Hafnarstrætis 4 dags. 30. apríl 2019, samþykki meðeigenda, samþykki eigenda Hafnarstrætis 4 dags. 30. apríl 2019 og í byggingarlýsingu er farið fram á undanþágu frá kröfu um algilda hönnun í samræmi við grein 6.1.5 í byggingareglugerð. Minnisblað um hávaðaútbreiðslu frá Verkís dags. 6. september 2019.  
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. maí 2019 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

4. **Ármúli 9** (01.263.001) 103518 Mál nr.  
BN056593  
470905-1740 Sýn hf., Pósthólf 166, 232 Keflavík  
530117-0300 Reitir - hótél ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN55577 þannig að léttum innveggjum er breytt í húsi á lóð nr. 9 við Ármúla.  
Erindi fylgir tölvupóstur frá hönnuði dags. 19. september 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
5. **Ármúli 19** (01.264.104) 103531 Mál nr.  
BN056678  
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055910 þannig að í rými 02-0101 verður innréttuð rakarastofa með allt að 8 starfsmönnum á fyrstu hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.02, á lóð nr. 19 við Ármúla.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
6. **Ármúli 34** (01.293.203) 103810 Mál nr.  
BN056651  
540513-1550 Hegri fjárfestingar ehf., Hegranesi 26, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054834 þannig að salerni fatlaðra er flutt til í rýmum 0205 og 00305 og hætt er við ræstiskápa í rýmum 0202 og 0302 og í staðinn settir ræstivaskar í línherbergi í rýmum 0204 og 0304 í gististað í flokki II, teg. b í húsi á lóð nr. 34 við Ármúla.  
Gjald kr. 11.200 + 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
7. **Bergstaðastræti 24** (01.184.312) 102051 Mál nr.  
BN056533  
030980-4929 Björgvin Agnarsson, Bergstaðastræti 24, 101 Reykjavík  
280489-4689 Emilie Moerkeberg Dalum, Bergstaðastræti 24, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að setja veggmynd á norðurgافل húss nr. 24 við Bergstaðastræti.  
Erindi fylgir tilbúin ljósmynd sem sýnir veggmyndina uppkomna.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 24. september 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Synjað.  
Með vísan til umsagnar Minjastofnunar Íslands dags. 24. september 2019.
8. **Borgartún 30** (01.231.101) 180387 Mál nr.  
BN056670  
501299-3329 Kennarasamband Íslands, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 6. hæð í húsi á lóð nr. 30 við Borgartún.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9. **Bæjarháls 1** (04.309.601) 190769 Mál nr.  
BN056729  
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta dælu- og spennistöð mhl.07 þannig að þak er fjarlæggt að hluta og hækkað um 1,6 m með stálgrind sem klædd verður með samlokueiningum á húsi nr. 1 við Bæjarháls.  
Erindi fylgir hæðablað dags. desember 2000 og mæliblað dags. 17. nóvember 2005.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
10. **Dunhagi 18-20** (01.545.113) 106483 Mál nr.  
BN056641  
510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052641 þannig að íbúðum er fjölgað úr 20 í 23, innra skipulagi breytt og verslunarrými sameinuð, gluggum breytt, gerðar sýalir og sorp fært út á lóð húss á lóð nr. 18-20 við Dunhaga.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 27. september 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2019.  
Minnkun: -30,6 ferm., 96,9 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2019 og til athugasemda
11. **Döllugata 2** (05.113.705) 214844 Mál nr.  
BN056061  
161072-5599 Helga Björk Haraldsdóttir, Holtagerði 7, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og innbyggðum bílskúr á lóð nr. 2 við Döllugötu.  
Erindi fylgir mæliblað 5.113.7 dags. 21. febrúar 2008 og hæðablað 5.113.7 útgefið 11. mars og breytt 22. maí 2008.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. maí 2019.  
Stærð: A-rými: 319.0 ferm., 1.010.3 rúmm.  
Gjald 11.200 kr.  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
12. **Efstasund 50** 104445 Mál nr.  
BN056708  
430402-3820 Skjólshús ehf., Fögrubrekku 19, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052818 þannig að útveggir mhl.01 verða einangraðir að utan, klæddir bárujárni og geymsla á lóð stækkuð á lóð nr. 50 við Efstasund.  
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar nr. 48 dags. 15. september 2019.  
Stækkun: 13,3 ferm., 41,1 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis

að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. **Eyjarslóð 1** (01.111.502) 100028 Mál nr.  
BN056535  
541008-1440 GT 2 ehf., Fiskislóð 31, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og gluggasetningu og setja svalir á 2. hæð iðnaðar- og skrifstofuhúss nr. 1, mhl-01, við Eyjarslóð.  
Erindi fylgir mæliblað 1.111.502 endurúttekið í febrúar 2001, umsögn burðarþolshönnuðar dags. 3. september 2019, samþykki meðlóðarhafa dags. 2. september 2019 og samkomulag um byggingarrétt á lóðinni dags. 22. ágúst 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. september 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Lagfæra skráningu.
14. **Faxagarður 1** Mál nr.  
BN056709  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar, stálgrindarhús klætt lerki, fyrir vakt- og spennistöð á lóð nr. 1 við Faxagarð.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
15. **Fjólugata 19** (01.185.513) 102203 Mál nr.  
BN055935  
060658-5019 Guðjón Ingi Árnason, Fjólugata 19, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir þremur íbúðum í húsinu, auka salarhæð í kjallara, stækka bílskúr, breyta aðkomutröppum, stækka og sameina svalir á 2. hæð, fjarlægja skorstein og endurnýja þak, einnig er sótt um leyfi til að hækka þak og koma fyrir sorpgeymslu á lóð nr. 19 við Fjólugötu.  
Stækkun:  
Kjallari: 50,3 ferm., 133,2 rúmm.  
3. hæð: 57,2 ferm., 145,9 rúmm.  
Samtals eftir stækkun: 621,5 ferm., 1.8350,2 rúmm.  
Svalir stækkun:  
1. hæð: 30,7 ferm.  
2. hæð: 10,7 ferm.  
3. hæð: 10,5 ferm.  
Samtals svalir eftir stækkun: 72,1 ferm.  
Jafnframt er erindi BN053919 dregið til baka.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 15. mars 2019, Umsögn burðarþolshönnuðar Verkís dags. 23. ágúst 2019 og minnisblað Verkís um brunahönnun dags. 11. september 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar.  
Vísað til uppdráttar nr. 0002, 0003, 0004, 0005, dags. 15. mars 2019.
16. **Friggjarbrunnur 13-15** (02.693.503) 205772 Mál nr.  
BN056254  
131281-4479 Gunnar Ingi Arnarson, Friggjarbrunnur 15, 113 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi BN037721 þannig að innra skipulagi íbúðar 0101 er breytt í húsi nr. 15 á lóð nr. 13-15 við Friggjarbrunn.  
Gjald kr. 11.200

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

17. **Gefjunarbrunnur 20-22** (02.695.409) 206036 Mál nr.  
BN056281  
151276-3859 Jóhann Vignir Gunnarsson, Hvassahraun 5, 240 Grindavík  
Sótt er um breytingar á erindi BN035796 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi hefur verið lítillega breytt, heitur pottur hefur verið staðsettur að mörkum sérafnotareits húss nr. 20, skjólveggir að hluta til úr timbri og að hluta úr steinsteypu hafa verið reistir meðfram lóðamörkum á allar hliðar nema að framanverðu, sorpskýli færð að lóðamörkum til suðausturs annars vegar og suðvesturs hinsvegar á lóð nr. 20-22 við Gefjunarbrunn.  
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 11. júní 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
18. **Gnoðarvogur 44-46** (01.444.101) 105528 Mál nr.  
BN056698  
490317-0820 Hálogaland 44 ehf., Gnoðarvogi 44, 104 Reykjavík  
Lagðar eru inn til samþykktar uppfærðar teikningar vegna eignaskiptasamnings á báðum matslutum lóðar nr. 44-46 við Gnoðarvog.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
19. **Gylfaglöt 4** (02.578.202) 224861 Mál nr.  
BN056615  
521017-0660 GF-4 ehf., Aflakór 9, 203 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054080 vegna lokaúttektar þannig að útliti er breytt og innra skipulagi er breytt þannig að rými 0102 til 0108 verða sameinuð í eitt rými og snyrtingar og stigar innan þeirra fjarlægðir í húsi á lóð nr. 4 við Gylfaglöt.  
Erindi fylgir greinagerð Eflu um val og hönnun brunavarna dags. 26. ágúst 2019, ódagsett yfirlit Eflu um val á handslökkvitækjum og ósamþykkt afrit af teikningum í A3 með yfirliti yfir breytingar. Tölvupóstur frá hönnuði með umbeðnum gögnum dags. 5. september 2019. Greinagerð um val og hönnun brunavarna frá Eflu, útg. 001-V03, dags. 23. september 2019.  
Gjald kr. 11.200. + 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
20. **Haukahlíð 1** (01.629.102) 221262 Mál nr.  
BN056700  
450107-0420 Hlíðarfótur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta mhl. 07, erindi BN056347, þannig að stærðum sérafnotaflata er breytt á lóð nr. 1 við Haukahlíð.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. **Haukahlíð 1** (01.629.102) 221262 Mál nr.  
BN056699

450107-0420 Hlíðarfótur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta mhl. 06, erindi BN055959, þannig að stærðum sérafnotaflata er breytt á lóð nr. 1 við Haukahlíð.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

22. **Hesthál 14** (04.321.801) 111032 Mál nr.  
BN056731

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta BN053852 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt, nýr aðalinngangur á vesturhlið, gluggum breytt á norður- og austurhlið og afstöðumynd uppfærð á lóð nr. 14 við Hesthál.

Erindi fylgir bréf hönnuðar með yfirliti yfir breytingar dags. 23. september 2019 og brunahönnun Eflu dags. september 2019.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

23. **Hvammsgerði 3** (01.802.502) 107708 Mál nr.  
BN056653

250753-2929 Sigmar Julian Halldórsson, Hvammsgerði 3, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til loka svölum með gustlokun og gluggum á kvistum á suðurhlið breytt í húsi á lóð nr. 3 við Hvammsgerði.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 27. september 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. september 2019.

Stækkun vegna B-rýmis er: 16,5 ferm., 14,8 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. september 2019.

24. **Höfðabakki 1** (04.070.001) 110677 Mál nr.  
BN056728  
440110-0100 Djúpidalur ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að opna á milli hæða og setja hringstiga milli rýma 0003 og 0101, fjarlægja vegg á milli 0003 og 0004 og fækka rýmum í eitt rými, 0003, koma fyrir nýrri aksturshurð á ? hlið og inngangshurð á vesturhlið ásamt því að koma fyrir salerni inn af rými 0003 í húsi á lóð nr.1 við Höfðabakka.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
25. **Keilugrandi 1** 105790 Mál nr.  
BN056715  
561184-0709 Búseti húsnæðissamvinnufélag, Síðumúla 10, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053062, á húsi nr. 1-3 er þaki breytt í uppstólað þak, einangrað á steypa plötu, borðaviður klæddur að ofan með asfaltþappa, auk þess sem brunahönnun er uppfærð og leiðnitap leiðrétt fyrir hús nr. 1-3, 5,7 og 9-11 á lóð nr. 1-11 við Keilugranda.  
Umsögn brunahönnuðar dags. 16. sept. 2019  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
26. **Langagerði 22** (01.832.011) 108538 Mál nr.  
BN056643  
200266-5959 Guðrún Hauksdóttir, Langagerði 22, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að bæta við tveimur kvistum á norður- og suðurhlið ásamt svölum og stiga niður í garð á 1. hæð í fjöleignarhúsi á lóð nr. 22 við Langagerði. Erindi fylgir afrit af eldri teikningum samþykktum 27. nóvember 1980 og fyrirsurnarteikningum dags. 24. apríl 2019. umboð eigenda íbúðar 01-0101 dags. 23. september 2019 og samþykki meðlóðarhafa áritað á A3 afrit af teikningum A-100 - A-101 dagsettum 3. september 2019.  
Stækkun: 3.6 ferm., 10.1 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.  
Vísað til uppdráttar nr. A100, A101, dags. 3. september 2019.
27. **Laugateigur 26** (01.365.102) 104669 Mál nr.  
BN056515  
250888-2529 Tinna Stefánsdóttir, Laugateigur 26, 105 Reykjavík  
110785-2759 Björgvin Gauti Bæringsson, Laugateigur 26, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, hluti af sameign er sameinaður íbúð 0001, þaksvalir eru settar á bílskúrsþak og stigi af þeim og niður í garð, ásamt því að sótt er um nýjar svalir við kvist á rishæð tvíbýlishúss á lóð nr. 26 við Laugateig.

Stærð: C-rými 1.5 ferm.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda vegna svara dags. 13. ágúst 2019 og umsögn vegna húsaskoðunar dags. 17. september 2019.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

28. **Laugavegur 15** (01.171.112) 101378 Mál nr.  
BN056395

430481-1269 Menningar/framfarasj Ludv S ses, Laugavegi 15, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til breytinga á BN048741 vegna lokaúttektar og bæta við hurð á 4. hæð húss á lóð nr. 15 við Laugaveg.

Erindi fylgir afrit af ódagsettu bréfi hönnuðar og afrit af minnkaðri teikningu af 1. hæð samþykktri 9. júní 2015 og bréf hönnuðar dags. 27. september 2019.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Lagfæra skráningu.

29. **Laugavegur 53B** (01.173.021) 101508 Mál nr.  
BN056710

300146-2529 Símon S Wíium, Mánatún 15, 105 Reykjavík

471105-0900 Tilberi ehf, Mánatúni 15, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta notkun úr verslunarhúsnæði í kaffihús og bar í flokki xx, tegund xxx fyrir allt að 50 manns í húsi á lóð nr. 53B við Laugaveg.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

30. **Laugavegur 55** (01.173.020) 101507 Mál nr.  
BN056590

681215-1230 L55 ehf., Síðumúla 29, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051430 þannig að opnað er á milli verslunar í rými 0103 og gestamóttöku í rými 0104 auk þess sem rými 0101 er breytt úr verslun í snyrtistofu á 1. hæð ásamt öðrum smávægilegum breytingum á öðrum hæðum hótélbyggingar á lóð nr. 55 við Laugaveg.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.



31. **Laugavegur 59** (01.173.019) 101506 Mál nr.  
BN056693  
550570-0259 Vesturgarður ehf., Laugavegi 59, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að skipta veitingarstað upp í tvö rými, rými 201 sem áfram verður veitingarstaður í flokki II tegund ? fyrir 34 gesti og rými 0203 sem verður að skrifstofum og hafa bæði rými aðgang að sameiginlegum salernum í rými 0208 í húsi á lóð nr. 59 við Laugarveg.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
32. **Laugavegur 118** (01.240.103) 102980 Mál nr.  
BN055179  
460189-1369 Melholt ehf, Grettisgötu 87, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að endurbyggja bílaverkstæði, stálgrindarhús klætt steinullareiningum á kjallara sem fyrir er, á Grettisgötu 87 á lóð nr. 118 við Laugaveg.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. september 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. september 2019.  
Stærð, áður byggður kjallari: 794,5 ferm., 2.228,8 rúmm.  
Nýbygging: 906,2 ferm., 4.408,6 rúmm.  
Samtals: 1.700,7 ferm., 6.800,2 rúmm.  
Stækkun er: XX ferm., XX rúmm.  
Gjald kr. 11.000 + 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.  
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað.  
Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
33. **Laugavegur 132** (01.241.004) 102999 Mál nr.  
BN055964  
061167-3159 Eiríkur Benónýsson, Kvistaland 16, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að gera kvisti á báðar þekjur og nýja glugga og svalir á suðurhlíð húss á lóð nr. 132 við Laugaveg.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 15., 24. og 28. febrúar 2019, afrit af skráningartöflu dags. 24. október 2018 og bréf til byggingarfulltrúa dags. mars 2019.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. maí 2019 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. maí 2019.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. september 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2019.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 27. september 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. september 2019.

Stækkun: XX

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 26. september 2019 og til athugasemda.

34. **Rauðagerði 37** (01.821.306) 108311 Mál nr.  
BN055490  
050745-3849 Guðmundur Pálsson, Rauðagerði 37, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta eignarhaldi á tómsfundarymi á 1. hæð og setja stiga milli hæða í húsi nr. 37 við Rauðagerði.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísad til athugasemda.
35. **Seljavegur 7** (01.133.214) 100244 Mál nr.  
BN056369  
161090-2049 Kjartan Darri Kristjánsson, Seljavegur 7, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að gera léttar stálsvalir á aðra hæð húss á lóð nr. 7 við Seljaveg.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 4. júní 2019, samþykki endurnýjað og tekur mið af breyttum teikningum dags. 17. september 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísad til athugasemda.
36. **Skipasund 34** (01.357.111) 104422 Mál nr.  
BN056668  
210166-3279 Arnar Halldórsson, Skipasund 34, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt anddyri og setja stálstiga upp að efri hæð á húsi á lóð nr. 34 við Skipasund.  
Erindi fylgir umboð og samþykki eigenda dags. 7. september 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísad til athugasemda.
37. **Skipholt 3** (01.241.207) 103025 Mál nr.  
BN056650  
520169-6609 Gull- og silfursmiðjan Erna ehf, Skipholti 3, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að gera lager/geymslu í rými 0103 að séreign í íbúðar- og atvinnuhúsnæði, mhl.01, á lóð nr. 3 við Skipholt.  
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa áritað á uppdrátt K.J.ARK slf. dags. 5. september 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísad til athugasemda eldvarnareftirlits.
38. **Skútuvogur 1** (01.421.001) 105171 Mál nr.  
BN056727  
670169-6189 Járn og gler hf., Skútuvogi 1h, 104 Reykjavík  
631006-0190 ÞOK ehf, Skútuvogi 1h, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að setja nýjan glugga og hurð á fyrstu hæð, austurhliðar húss á lóð nr. 1H við Skútuvog.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.

Vísað til athugasemda.

39. **Sóltún 24-26** (01.232.101) 102920 Mál nr.  
BN056634  
580518-1330 Tannlæknar Sóltúni ehf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN054493 þannig að innra skipulagi og staðsetningu innveggja er breytt ásamt því að hætt er við röntgenherbergi á tannlæknastofu á 5. hæð í húsi nr. 26, mhl.05, á lóð nr. 24-26 við Sóltún.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 3. september 2019 og bréf hönnuðar dags. 20. september 2019. og A3 afrit af afstöðumynd dags. 24. september 2002.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt og henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
40. **Sólvallagata 68** (01.134.510) 100394 Mál nr.  
BN055706  
550206-0480 Rico ehf., Sólvallagötu 68, 101 Reykjavík  
100168-5379 Gunnlaugur Karlsson, Sólvallagata 68, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á jarðhæð og 1. hæð, uppfæra grunnmyndir af 2., 3. og 4. hæð og breyta skráningu fjölbýlishúss á lóð nr. 68 við Sólvallagötu.  
Samþykki meðeigenda dags. 29. september 2019 og umsögn húsaskoðunar dags. 29. ágúst 2019.  
Stækkun 40,3 ferm., 39,4 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
41. **Stórhöfði 29-31** (04.084.801) 179559 Mál nr.  
BN056734  
521102-2840 Húsfélagið Stórhöfða 31, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir kynjaskiptum fataklefum fyrir starfsfólk á 1. hæð í húsi á lóð nr. 29-31 við Stórhöfða.  
Bréf hönnuðar dags. 23. september 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
42. **Suðurlandsbraut 46-54** (01.463.101) 105671 Mál nr.  
BN056640  
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að opna kaffihús í fl. II, tegund E, í verslun kjallara og fyrstu hæðar í húsi á lóð nr. 48 við Suðurlandsbraut.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
43. **Suðurlandsbraut 76** (01.473.303) 222542 Mál nr.  
BN056489  
450397-2889 Félag Múslima á Íslandi, Ármúla 38, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða bænahús úr forsteyptum einingum á lóð nr. 76 við Suðurlandsbraut.  
1. hæð 598,3 ferm., 3.256,2 rúmm.  
2. hæð 79,3 ferm., 249,6 rúmm.  
Samtals: 677,6 ferm., 3.620,2 rúmm.

Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

44. **Vesturberg 195** (04.660.807) 112031 Mál nr.  
BN056714  
540169-3229 Fylkir ehf., Grensásvegi 50, 108 Reykjavík  
